

Fyrir hönd Secret Solstice tónlistarhátíðarinnar langar undirritaðan að óska eftir samtali við Garðabæ um að kanna möguleikann á því að hátíðin eignist nýtt heimili á Vífilsstaðartúni og nærumhverfi.

Um hátíðina

Secret Solstice hátíðin fór fyrst fram sumarið 2014 og fór fram öll ár frá þeim tíma til og með 2019. Við höfum þurft að fresta henni bæði í fyrra og í ár vegna Covid.

Hugmyndin að baki hátíðinni var sú að búa til „alvöru“ alþjóðlega tónlistarhátíð á Íslandi í kringum sumarsólstöður og þannig vera með þá sérstöðu að stórir listamenn séu að spila hér í sól að kvöldi til.

Starfsmenn hátíðarinnar eru í þeirri stöðu að eiga gott samband við margar af stærstu umboðsskrifstofum í heimi og það er í gegnum þau sambönd sem tekist hefur að fá mjög stóran hóp erlendra listamanna til að spila á hátíðinni fyrir þóknun sem er langt undir því sem listamenn af þeirri stærðargráðu venjulega fá. Það gerum við með því að finna listamenn sem hafa áhuga á því að koma til Íslands og eru spenntir fyrir því tækifæri að spila við þær aðstæður sem Ísland býður upp á á þessum tíma. Þá nýtum við okkur staðsetningu Íslands milli Ameríku og Evrópu og náum þannig listamönnum sem eru að fara þar á milli og náum þeim í stopp hér.

Eitt af því sem fylgir því að halda hátíð af þessari stærðargráðu hvað listamenn varðar er að stórir alþjóðlegir listamenn gera miklar kröfur þegar kemur að öryggismálum. Þess vegna hefur frá upphafi verið fengin aðstoð erlendra sérfræðinga þegar kemur að öllu skipulagi öryggismála. Stuðst er við breska öryggisstaðla sem ganga mun lengra en nokkrar sambærilegar íslenskar reglur. Afleiðing þeirrar vinnu er mjög augljós vegna þess að þau sex skipti sem hátíðin hefur farið fram hefur engin alvarleg árás átt sér stað, það hafa ekki orðið nein alvarleg slys á fólki og það hefur aldrei verið tilkynnt um kynferðisbrot.

Solstice hefur frá upphafi farið fram í Laugardalnum, en við höfum líka verið með viðburði annars staðar, þannig hafa öll árin verið haldnir tónleikar undir merkjum hátíðarinnar inni í Langjökli, síðustu ár hafa svo verið haldnir tónleikar ofan í Raufarhólshelli. Þá hafa verið haldnir viðburðir ofan í Þríhnúkagíg, í Secret Lagoon á Hellu og á fleiri stöðum víðs vegar um landið. Í öllum auglýsingum og kynningum á hátíðinni gerum við mikið úr íslenskri náttúru.

Á hverju ári koma fram á bilinu 120 til 160 listamenn/hljómsveitir. Meðal þeirra sem hafa spilað eru Radiohead, Foo Fighters, Chaka Khan, Massive Attack, Prodigy, Wailers, Wu Tang Clan og Robert Plant.

Listamenn sem hafa spilað á á hátíðinni skipta samanlagt á milli sín rétt tæplega 100 grammy verðlaunum.

Secret Solstice er lang stærsta tónlistarhátíð sem hefur farið fram á Íslandi og er um leið flóknasti viðburður sem framkvæmdur er hér ár hvert. Skipulagning hátíðarinnar tekur 10-11 mánuði og þegar mest lætur er hátíðin 600 manna vinnustaður.

Af hverju Garðabær?

Hátíðin hefur frá upphafi farið fram í Laugardal og Laugardalur er frábær staður fyrir tónlistarhátíð. Vandamálið hefur hinsvegar alltaf verið hversu langar allar boðleiðir eru innan Reykjavíkur ásamt því sem nokkur íþróttafélög eru með aðstöðu þar. Það hefur gert alla vinnu í kringum skipulagningu og framkvæmd mjög flókna og erfiða. Þá hefur það lengi legið fyrir að fara ætti í framkvæmdir á svæðinu.

Það er mjög óþægileg staða að vera í sem skipuleggjandi, að geta ekki gengið að því vísu ár frá ári að þú getir notað sama svæði. Ég sem uppalinn Garðbæingur hef lengi haft augastað á Vífilistaðartúni sem heimili fyrir hátíðina, það svæði ásamt Miklatúni og Laugardal eru einu svæðin á stór höfuðborgarsvæðinu sem geta borið hátíð eins og Secret Solstice.

Vífilistaðartún er á mjög fallegum stað og umhverfið þar í kring er það líka. Fyrir hátíð sem gerir mikið út á fallegt umhverfi og íslenska náttúru er þetta frábær staður fyrir okkur að vera á.

Þá er það mikill kostur að í Garðabæ höfum við greiðan aðgang að samtökum eins og Stjórnunni, við viljum vinna með fólki í okkar nærumhverfi og það er mun einfaldara að vinna með einum aðila eins og Stjórnunni í stað þess að að vinna með Þrótti, Ármanni, Skautafélagi Reykjavíkur o.s.frv. eins og verið hefur í Laugardal. Í kringum viðburð eins og Solstice eru fjölmargar leiðir til fjáröflunar fyrir aðila eins og Stjórnuna. Það er hægt að selja miða þar sem hluti rennur til félagsins, það þarf mjög stóran hóp fólks til að setja upp, vinna á og taka saman hátíðina ásamt því sem mikil veitingasala er á svæðinu. Þar myndu fyrirtæki og félög í Garðabæ alltaf hafa forgang.

Við

Við og starfsfólkið okkar erum best á Íslandi í því að halda tónlistarviðburð úti, það er enginn sem kemst með tærnar þar sem við erum með hælana. Við erum ekki bara góð í því að halda tónlistarhátíð heldur erum við öll tónlistarlúðar. Tónlist skiptir okkur máli og við viljum gera það sem við getum til þess að styðja við íslenskt tónlistarfólk. Pro Sieben, Canal plus, BBC og fleiri erlendar sjónvarpsstöðvar hafa verið fastagestir á hátíðinni í mörg ár. Tónlistarstöðin MTV valdi hátíðina sem eina af 5 mest spennandi tónlistarhátíðum í Evrópu árið 2019 og mætti til landsins með kvikmyndatökulið og tók upp bæði á hátíðinni sem og á hliðarviðburðum okkar.

Sem Garðbæingar myndum við ekki bara halda hátíð einu sinni á ári, við myndum taka virkan þátt í tónlistarlífi í bænum og í aðdraganda hátíðarinnar væri frábært að halda tónleika víðs vegar um bæinn í samstarfi við bæði Garðabæ og fyrirtæki í bænum.

Hátíðin 2022

Við erum núna búin að þurfa að fresta hátíðinni tvisvar sinnum vegna Covid, en við erum með samninga og búin að greiða listamönnum fyrir að koma fram á hátíðinni næsta sumar. Þær hljómsveitir sem munu koma til með að vera aðalnúmer hátíðarinnar 2022 eru bandarísku hljómsveitirnar Cypress Hill og TLC ásamt bresku rokkhljómsveitinni Primal Scream.

Að lokum eru hér svo hlekkir á video sem hátíðin lét gera fyrir árin 2016 til 2019. Það fæst góð tilfinning fyrir Secret Solstice hátíðinni með því að skoða þau.

2016 https://www.youtube.com/watch?v=z61oO3BEtIM&t=179s&ab_channel=A3Network

2017 https://www.youtube.com/watch?v=PX00liu1Fo&ab_channel=SecretSolstice

2018 - https://www.youtube.com/watch?v=mBXxh5mfv6w&ab_channel=SecretSolstice

2019 https://www.youtube.com/watch?v=ea9dTL7zVzU&ab_channel=SecretSolstice

PS:

Öll árin þangað til 2019 var hátíðin með næturdagskrá inni í Laugardalshöll, þar sem frjálsíþróttahöllinni var breytt í stærsta „klúbb“ Íslands, með tilheyrandi græjum og ljósashowi. Vegna kröfu frá Reykjavíkurborg gerðum við það ekki árið 2019. En sé áhugi fyrir því erum við miklu meira en til í að gera það sama í nýja húsinu hinu megin við hólinn ☺

Með myndböndunum frá 2016 og 2017 sést vel frá því partyi

Jón Bjarni Steinsson